



Árþing Tennissambands Íslands árið 2017

29. árþing Tennissambands Íslands haldið mánudaginn 13. mars í sal ÍSÍ í Laugardalnum á 3.hæð kl. 18:00.

Dagskrá:

1. Þingsetning kl. 18:10
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
Hafsteinn fundarstjóri
Bragi ritari
3. Kosnar fastar nefndir:
 - a) 3 menn í kjörbréfanefnd.
Teitur, Hjörtur og Þrándur.
 - b) 3 menn í fjárhagsnefnd.
 - c) 3 menn í laga- og leikreglnanefnd.
 - d) 3 menn í allsherjarnefnd.
 - e) 3 menn í kjörnefnd.Tillaga um að starfa í einni málstofu samþykkt.
4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta árþings.
Ásta benti mönnum á fundargögn varðandi fundargerð síðasta árþings og flutti skýrslu stjórnar. Forgangsatíði að auka útbreiðslu.

Kjörbréfanefnd lauk störfum, eftirtaldir viðurkenndir sem fulltrúar á þinginu:
Kjörbréf gölluð, ÍBR kjörbréf ættu að vera undirrituð af formanni og ritara ÍBR

UMSK
Ásta M. Kristjánsdóttir
Gunnar Finnbjörnsson
Björn Gunnarsson
Jónas Páll Björnsson

ÍBH
Rut Ólafsdóttir
Hjörtur Þór Grétarsson

ÍBR
Bragi Leifur Hauksson
Berglind Bragadóttir
Þrándur Arnþórsson
Raj K. Bonifacius
Teitur Marshall
Ævar Ísberg
Stefán Vilhelmsson

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Raj, staðan góð, skuldir litlar.
Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
Ásta fór yfir áætlunina. Lagt upp með tæpa milljón í mínus þar sem fjárhagsstaða er góð og það er lífsspursmál að auka útbreiðslu.
7. Lagðar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar ef fram koma. Engar tillögur komu fram.
8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

Gunnar Finnbjörnsson leggur til að Íslandsmót utanhúss verði 5.-9. júlí. Það virðist ekki ganga upp og lagt til að 2017 verði óbreytt, en kannað verði með góðum fyrirvara hvað henti 2018.

Umræða um fjárhagsáætlun.

Raj ræddi um liðinn “Vallarleiga fyrir landslið”.

Landsliðsmenn karlalandsliðs eru erlendis, vellirnir nýtast þeim ekki. Getum við varið þeim betur?

Gunnar ræddi um hvernig við getum best stutt við okkar besta fólk. Jákvætt að það eru styrkir til einstaklinga komnir inn og gert ráð fyrir að þeir hækki á milli ára.

Tekur undir með Raj að staðan er erfið varðandi það að koma fólk inn á heimslistann.

Ásta talar um að peningarnir eru notaðir til að leigja velli á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Mikilvægt að nýta þessa tíma, þótt afreksspilarar séu erlendis.

Teitur vill halda þessum tímum inni, ekki leggja niður innlent starf, þótt þeir bestu séu erlendis.

Raj talar um að folk þurfi að æfa oft í viku til að ná árangri.

Bragi talaði um mótsagnakennt væri að skv. afreksstefnu þyrfti 8 velli, en svo sé erfitt að nýta 1-2 velli einu sinni í viku.

Benti líka á minniháttar misræmi í áætlun sem verður lagfært.

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Hafsteinn bar kveðju frá ÍSÍ. Mikilvægt að sátt náist um úthlutun úr afrekssjóði á þingi ÍSÍ. Tekjur of Lottó og fleiri leikjum stöðugt að aukast, þ.a. tekjur félaga hafa verið að aukast, þótt þeim hafi fjölgað. Hafsteinn stýrir almenningsíþróttadeild ÍSÍ. Lífshlaup o.fl. Ótrúlega margir sem hreyfa sig dag hvern. Breytt kjör til stjórnar ÍSÍ. Fólk kosið til fjögurra ára, kosið um helming stjórnarmanna á tveggja ára fresti. 15 manna stjórn. Hafsteinn vonar að starfsemi tennishreyfingarinnar eflist.

9. Önnur mál.

Hjörtur spurði um afmæli, hvort haldið yrði upp á það

Ásta talaði um að reiknað væri með að hafa eitt mótið afmælistmót.

Stefán Vilhelmsson talaði um að hann væri að verða 90 ára og hefði spilað tennis í meira en 60 ár, meðal annars á völlum Víkings. Byrjaði á tveimur völlum á

Melavellinum! Það vantaði fleiri velli

Talað um að vísa þessu til almenningsíþróttanefndarinnar.

Hafsteinn talaði um að þar væri reynt að keppa ekki við íþróttafélögin.

Rut ræddi um að aðstaða skipti miklu máli, t.d. væri nú hægt að hjóla úr Hafnarfirði til Reykjavíkur á hjólastigum. Aðstöðu fyrir almenning til þess að stunda tennis á Íslandi vantar.

Jónas ræddi um hvert væri aðalverkefnið núna? Hvar eru tækifærin? Vannýttir möguleikar til að spila mini-tennis. Tilraunir með það ganga vel í tennishöllinni.

Vantar þjálfara, gætum fengið 200 krakka í mini-tennis, getur verið í hvaða sal sem er.

Ásta talaði um að mikilvægt væri að styðja við útbreiðslustarf og styðja félögin við svona starf.

Umræða um að þetta og fólki list vel á.

Rut ræddi um að erfitt væri að fá góða þjálfara.

Raj benti á að Jón Axel hélt námskeið fyrir fyrsta stig.

Rut benti á að fólkið lauk ekki náminu.

Teitur staðfesti að það luku ekki allir náminu. Erlendis er þetta haldið í einu lagi, en ekki í pörtum.

Hafsteinn. Stjórn taki þetta til skoðunar. Samþykkt.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttatþing.

Ásta sjálfkjörin formaður

Bragi og Berglind sitja áfram

Gunnar og Hjörtur sjálfkjörnir

Varamenn Jónas, Raj og Ævar, sjálfkjörnir til eins árs.

Skoðunarmenn reikninga Þrándur og Steinunn Garðars

Fulltrúar á íþróttatþing vísað til stjórnar.

12. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Ákveðið að birta á vefnum í samráði við stjórn og óska eftir athugasemdum

13. Þingslit.

Ásta þakkaði traustið, er með góða stjórn og þetta er gaman. Hvetur varastjórn til að vera aktíva.

Hafsteinn slítur þinginu